

Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 9. maí 2023  
Málsnúmer: 202304-0036  
SS

## Efni: Umsögn um stækkun Sigölduvirkjunar.

Vísað er í bréf frá Orkustofnun, dags. 17. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Landsvirkjunar til Orkustofnunar um hvort stækkun Sigölduvirkjunar falli undir ákvæði um verndar- og orkunýtingaráætlun í ljósi breytinga á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, sem urðu í júní 2022.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar, þann 29. júní 2022, um matsáætlun framkvæmdarinnar við stækkun Sigöldustöðvar. Í þeirri umsögn kom fram að áhrif framkvæmdarinnar væru frekar minniháttar, aðallega væri um lítils háttar rask kringum núverandi mannvirki og ásýndabreytingar því tengt. Mikilvægt væri að greina frá raskinu og ásýndarbreytingunum myndrænt í umhverfismatinu. Slík myndagögn fylgja nú með umsókninni til Orkustofnunar og samkvæmt þeim eru ásýndaáhrifin lítil. Þá er mikilvægt að huga að því hvort berg við frárennsliskurð, sem stendur til að breikka, þoli aukinn straumhraða. Náttúrufræðistofnun taldi ekki þörf á að meta fleiri umhverfisþætti en fjallað var um í matsáætluninni.

Í álit Skipulagsstofnunar um matsáætlunina, frá 12. ágúst 2022, kemur fram að gera þarf skýrari grein fyrir tilgangi og forsendum fyrirhugaðar stækkunar með hliðsjón af fyrirliggjandi spám um aukið rennsli á vatnasviði virkjunarinnar og þar með auknum möguleikum á orkuframleiðslu. Einnig var bent á mikilvægi þess að gera grein fyrir mögulegum samlegðaráhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar m.a. á lífríki í fersku vatni. Þá þyrfti að gera grein fyrir þýðingu framkvæmdarinnar fyrir mögulega framtíðarvindorkuvinnslu. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að þessi atriði í álit Skipulagsstofnunar séu mikilvæg og nauðsynlegt að þau verði ávörpuð í umhverfismatsskýrslunni.

Að því sögðu þá metur Náttúrufræðistofnun að aukin umhverfisáhrif á þá umhverfisþætti er mest tengjast fagsviði Náttúrufræðistofnunar (t.a.m. rask á gróðurfari, jarðminjum, búsvæðum dýra) séu ekki þess eðlis að nauðsynlegt sé að fjalla um stækkunina á vettvangi verndar- og orkunýtingaráætlunar. Viðbótaráhrif eru frekar lítil og fyrst og fremst á þegar röskuðu svæði. Ekki er útilokað að áhrif á aðra umhverfisþætti t.d. er varða vatnafar, þurfi að meta betur með frekari rannsóknum, en aðrir umsagnaradilar eru betur til þess fallnir að skera úr um það.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

